

Stjórnarfundur Umhyggju 13.ágúst 2019

Mættir: Ragna, Regína, Guðrún Bryndís, Árný, Andrés, Kristín

Fundur settur kl.11.30

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar: – frestað þar til næst vegna fjarvistar ritara.

2. Ráðstefna um yfirfærslu barna yfir á fullorðinsdeild: 21.sept verður ráðstefna á Barnaspítala um flutning af barnadeild yfir á fullorðinsdeildir. Pétur Lúðvíksson hafði samband til að athuga hvort Umhyggja kæmi að þessu með einhverjum hætti. Bíðum staðfestingar frá Pétri. Rætt hvort að Kristín í stjórn Umhyggju gæti tekið þetta að sér að halda tölu á vegum Umhyggju. Ragna tekur að sér að fá frekari upplýsingar.

3. Safnanir til handa Umhyggju í sumar: Sagt frá söfnunum sumarsins, Simba-Dorma safnaði 1.500.000, Rögguréttir hafa safna 1.650.000. Rætt um að ítreka ábendingar á aðildarfélög á samfélagsmiðlum og heimasíðu Umhyggju vegna Reykjavíkurmarabons.

4. Listmeðferð systkina langveikra barna: Harpa Halldórsdóttir fer af stað með listmeðferðarhóp í haust. Áætlaður kostnaður 350.000 á hana plús efniskostnaður fyrir hvert námskeið (10 skipti).

Önnur mál:

Rætt hvort skoða eigi KVAN námskeið fyrir langveiku börnin: boða KVAN á fund til að ræða um útfærslu.

Íbúðin sem Umhyggja keypti í Kuggavogi rædd. Aukinn kostnaður vegna of lágs fasteignamat. Afhent í haust, líklega í október. Þarf að innréttta (innbú), sækja um styrk í Styrktarsjóð langveikra barna vegna þess liðar.

Margt sem þarf að huga að varðandi bústaðina, viðhald o.fl. Batterí í lyftaranum er ónýtt. Spurning hvort hægt sé að setja nýtt geymsluhús undir grill o.fl, sem er upphitað til að forðast ryðgun. Ragna mun búa til skema yfir það sem þarf að gera.

Afmælisnefndin: rætt hvort eigi að hafa erlenda fyrillesara á ráðstefnunni. Ákveðið að halda ráðstefnufund með afmælisnefndinni. Regína boðar til hans; Ingólfur, Eva, Kristín, Ragna og Regína. Mikilvægt að vera sýnileg þetta árið.

Herbergi: fá Verkís eða Eflu til að taka út húsnæðið með tilliti til myglu. Nýting herbergis skoðuð í framhaldinu – aukin starfsemi o.s.frv.

Regína mun boða til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 12:29.

Fundarritari: Árný Ingvarsdóttir

Lesid
Eva H. Jónsd.
MÁLUM Í VANA

Regína Ylfa Mægurð.
Þórunn Guðmundsdóttir
Kristín Þóra Ólafsson
Jónas Þórhallsson
Guðrún Bryndís

Stjórnarfundur Umhyggju 3. september 2019

Fundarmenn: Kristín, Þórunn, Regína, Ragna, Andrés og Árný

Fundarritari: Árný Ingvarsdóttir

Fundur settur kl. 11.44

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Umræða um heimahjúrun barna: rætt um að vekja athygli á málínu í fjöldum; Ragna með aðstoð foreldra í Umhyggju. Búið að kalla eftir svörum frá ráðuneyti, en engin skýr svör borist. Foreldrar órólegir. Viljum taka undir með landlæknini hversu mikilvægt er að ekki verði rof á þjónustunni og bitni aldrei á fjölskyldunum. Fer í skoðun í þessari viku.
3. Reglur Styrkartsjóðs: boða til fundar stjórnar sjóðs ásamt stjórn Umhyggju og samræma lög og reglur. Eva ætlar að skoða þetta, heyra í henni fyrir næsta fund en þá verður skoðað hvað þarf að samræma milli laga sjóðsins og Umhyggju. Styrktarsjóður kemur inn í byrjun næsta stjórnarfundar.
4. Afmælisár Umhyggju: fyrsti fundur afmælisnefndarinnar var haldinn í síðustu viku. Góður fundur, yfirheiti ráðstefnunni í október 2020 yrði *Streita og álag foreldra langveikra barna*. Fundarmenn tóku að sér aðskilin verkefni. Andrés tekur að sér að tala við Óla Thor til að fá tengsl t.d. til Boston vegna fyrirlesara.
5. Fundur með aðildarfélögum: fimmtudagurinn 3.október kl.17.00.
6. Önnur mál: 3.sept kl.13.30 koma 4 konur úr nýja teymingu á Barnaspítalanum vegna langveikra barna. Koma til að kynna sér starfsemi Umhyggju.

Málþing um flutning langveikra og fatlaðra barna af barnasviði yfir á fullorðinssvið: Sigríður Hrafnkelsdóttir foreldri – á fjölfatlaðan dreng - ætlar að tala, hún starfar einnig hjá Landlæknisembættinu. Landlæknir hefur mikinn áhuga á þessari yfirlæstslu barna yfir á fullorðinsdeildir. Hún verður fulltrúi Umhyggju á þessu málþingi.

Herbergi sálfræðings -Umhyggja á bara 1/3 í því. Þarf að gera upp, bakreikna hversu mikið Umhyggja skuldar Sjónarhlí vegna aukinnar eignaraðildar þetta mörg ár aftur í tímann (fasteignagjöld, þrif o.fl.). Fundur með stjórn Sjónarhlóls vegna tillaga að lagabreytingum og vegna stjórnar Sjónarhlóls og hver skuli sitja í henni. Spurning um að ýta á að aðalfundur Sjónarhlóls og stjórnarskipti verði haldin sem fyrst.

Rætt um geymsluna – samþykkt að Einstök börn fái að hafa eina hillu hjá Umhyggju í geymslunni.

Athuga með að útbúa umsóknareyðublað fyrir vefsíðu fyrir fagfólk til að sækja um í verkefni/ráðstefnu í Styrktarsjóðinn.

Minna á að senda fundargerðir alltaf fyrir fundinn svo fólk geti lesið yfir og kynnt sér fyrir fundinn.

Fundi slitið kl.12.40.

Reykjavík Magn Boi.
þórum yfir minn
Kristin Jónz Cleen
Fundi

Lesið
Erla Þórunn Jónsdóttir

MARGARET VAIA

Stjórnarfundur Umhyggju.

Dagsetning: 1.október 2019.

Á fundi sátu: Regína Lilja, Þórunn, Árný, Kristín, Ragna, Margrét Vala

1. Málefni Styrktarsjóðs langveikra barna:

Sigrún Þórarinsdóttir mætti til fundarins.

Rætt um að skerpa á reglum Styrktarsjóðnum.

Farið yfir ábendingar úr skýrslu frá Attentus.

Farið yfir hvaða skref við þurfum að gera og gera skýrar í reglum Styrktarsjóðs. Gagnsæi þarf að vera betra og aðkoma Stjórnar meiri að Styrktarsjóðnum.

Rætt var um að breyta reglum Styrktarsjóðs með tilliti til laga Umhyggju.

Rætt var um að bera saman skipulagsskrá og reglur Styrktarsjóðs.

Rætt um að fá Sigurð Lögfræðing til að aðstoða okkur að fara yfir reglur Styrktarsjóðsins.

Rætt var sérstaklega um 5.grein Styrktarsjóðsins. Umræður um hvort að fagaðilar ættu að geta haft aðgang að styrktarsjóðnum til að geta sótt ráðstefnur eða endurmenntun í fagi sínu. Aðildarfélög og fagaðilar gætu þá sótt um styrk samkvæmt 5.grein.

Rögnu og Árný falið að uppfæra umsókn í Styrkarsjóð. Einnig að ræða við Sigurð varðandi lög Syrktarsjóðsins.

2. Fundagerðir.

Farið yfir fundargerðir síðasta fundar. Fundargerð fyrir júní send á

3. Húsnæðismál.

Rætt var um viðgerðir. Komnir eru verktílboð. Herbergið sem Einstök börn voru í áður er ónothæft þar til að farið verður í viðgerðir. Bundnar vonir um að það skýrist fljótlega.

Umhyggja á aðeins 1/3 af herberginu sem Árný er í. Rætt um möguleg kaup á herberginu.

Upp komst um eignarhlutinn þegar eignarskiptingin var gerð síðast.

Rögnu falið að fá útskýringar á eignarhlut og stærð húsnæðis á Háaleitisbraut 13.

4. Starfsmannamál.

Tekin ákvörðun um að auglýsa stöðu sálfræðings hjá Umhyggju. Nýr sálfræðingur myndi þá hefja störf hjá Umhyggju í janúar 2020.

Rætt um starfsmannamál innanhúss.

5. Önnur Mál.

Fundur með aðildarfélögunu. Fáir hafa meldað sig. Farið fyrir aðildarfélögin. Farið yfir afmælisárið.

þórunn Þóðum.
Regína Lilja Magnússon
Kristín Guðrún

MARGRÉT VALA

Fundi slitið kl 12:55.
Fundagerð ritaði Margrét Vala Marteinsdóttir

Iesla
Erla H. Jónsdóttir

Stjórnarfundur 5.nóvember 2019


Fundur settur 11.38 – mætt Regína, Andrés, Kristín, Þórunn, Guðrún Bryndís, Eva, Ragna og Árný.

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og undirrituð.

1. Styrkbeiðni: umsókn um styrk vegna útgáfu bókar fyrir börn um lyfjabrunn. Ákveðið að styrkja um 200.000.
2. Heimahjúkrun barna: rætt svar, setja upplýsingar um stöðuna á vefsíðuna. Lýsum áfram yfir áhyggjum. Gera yfirlýsingu skriflega og senda e.t.v. á fjölmöðla.
3. Sjónarhóll – varamaður: leitum að varamanni, þarf að vera ljóst fyrir 4. desember þegar næsti stjórnarfundur Sjónarhóls er.
4. Kaup Umhyggju af Sjónarhlóli: Eignaskiptalýsing og skráning þjóðskrár röng. Verið að breyta eignaskiptalýsingunni – eftir breytingu á Umhyggja 30% af 3. hæð. Ákveða þarf tilboðsverð í ca 15% af herbergi sálfræðings. Fá fasteignasala til að meta, gera tilboð í framhaldinu. Eftirágreiðsla af vangreiddum þrifum o.fl. samkomulagsatriði.
5. Tilboð í nettengingu: Tech support komið með tilboð í þjónustu við húsið, hugmynd að hafa sameiginlegt net og símkerfi á 3. hæð. Verði tilboðinu tekið mun nettengingarkostnaður lækka. Ákveðið að samþykja það.
6. Jólastyrkir: taka á hverju máli eftir því sem það berst. Verður áfram undir Umhyggju, ekki styrktarsjóð.
7. Umsóknareyðublað fyrir styrki til fagfólks: eyðublað tilbúið, verður sett á vefsíðu um leið og reglur Styrktarsjóðsins hafa verið samræmdar, er í ferli hjá lögfræðingi.
8. Sigríður Björnsdóttir 90 ára: ákveðið að senda blóm með kveðju frá Umhyggju í tilefni afmælisdagsins 5. nóvember.
9. Önnur mál: Sálstofan hafði samband vegna hugsanlegs námskeiðs í mindfulness fyrir foreldra langveikra barna, eru að sækja styrki til þess og verðum í sambandi ef til kemur um að aðstoða við að finna þátttakendur. Bók um Cystic fibrosis fyrir börn: rætt hvort eigi að hafa aðkomu að þýðingu og útgáfu bókarinnar. Ekki tekin afstaða til þess að þessu sinni. Fundur með formönnum aðildarfélaga: viðvera á Barnaspítala hefur verið auglýst á Barnaspítala og á vefsíðu Umhyggju.

Fundi slitið 12.55.

Fundarritari: Árný Ingvarsdóttir.


Árný Ingvarsdóttir
Kristín Jónz Cet
Regína Þóra Mefnildur

lesið
MARGRET VATA.